

Ligretto Crazy

Hraði, brjálaði spilaleikurinn
 Fyrir 2-5 leikmenn, 7 ára og eldri.

Innihald:

180 spil (36 spil í hverjum lit, *stokki*)

Spilin eru með tölugildi sett fram myndrænt á 5 mismunandi vegu:



Teningur, línur, tölustafir, bókstafir og fingur. Tölugildin eru frá 1 upp í 5.
 Að auki eru tvö Ligretto Crazy spil í hverjum stokki.

Pýðing á spilunum þar sem tölurnar eru skrifaðar með bókstöfum:

- 1: One – einn
- 2: Two – tveir
- 3: Three – þrír
- 4: Four - fjórir
- 5: Five - fimm

Markmið leiksins:

Allir leikmenn spila út **samtímis** spilum í stafla sem eru staðsettir á miðju borðinu. Leikmenn keppast við að vinna sem flesta stafla. Þegar umferð er lokið fá leikmenn stig fyrir spilin sem þeir unnu. Fyrsti leikmaður til að vinna 100 stig er sigurvegarinn.

Undirbúningur:

Flokkið spilin í stokka eftir litnum á bakhlið þeirra. Leikmenn fá hver **sinn stokk með öllum spilum í sama lit**. Ef færri en fimm eru að spila þá eru afgangsspilin sett aftur í kassann.

Næst stokka leikmenn stokkin sinn og leggja hann niður á borðið fyrir framan sig. Þetta er **stokkur** leikmanns sem þeir draga spil úr. Að lokum dregur hver leikmaður **þjú spil** úr stokknum sínum og geymir þau í **hendi sinni**.


Nú byrjar ballið!

Dæmi:

A = Kastbunki

B = Stokkur

C = Stigabunki



Í miðjunni eru fjórir staflar þar sem það eru 4 leikmenn. Í upphafi leiksins eru engir staflar í miðjunni.

ATHUGIÐ:

Leikmenn **mega einungis nota eina hendi til að spila út spilum**. Það skiptir ekki máli hvor höndin það er en um leið og leikmaður hefur valið hendi sem hann ætlar að nota verður hann alltaf að nota hana til að leggja út spilin. **Hin höndin** er notuð til að halda á **spilunum þremur** sem eiga að vera geymt á hendi.



Gangur leiksins:

Einn leikmaður kallar „byrja!“ til að hefja umferðina. Allir leikmenn spila út spilum samtímis!

Um leið og leikmaður fær „1“ (af hvaða tegund sem er) eða **Ligretto Crazy spil** má hann setja það í miðjuna á borðinu og stafli verður til (ef reglur um fjölda stafla leyfir það).

ATHUGIÐ:

Hámarksfjöldi stafla á borðinu er sá sami og **fjöldi leikmanna**.

Ef leikmaður spilar óvart út stafla þannig að þeir verða of margir verður hann (um leið og tekið er eftir því) að taka staflann upp og setja hann til vinstri við stokkinn sinn, í kastbunkann.

Eftir að hafa **spilað út** spili verður leikmaður að draga **eitt spil** úr stöknum sínum og þannig hafa **á ávallt þrjú spil á hendi**.



Leikmaður má **spila út spili** ofan á hvaða stafla sem er (óháð lit) ef tölugildið á spilinu er **einni tölu hærra eða lægra** en spilið efst í staflanum. Litur spilsins skiptir ekki máli!

Um leið og spil með „5“ er sett ofan á „4“ **lokast staflinn**.

Leikmaðurinn sem lokaði staflanum kallar „Crazy“ (eða brjálæði), tekur staflann og setur spilin með framhliðina upp hægra megin við stokkin sinn. Þetta er **stigabunki** leikmanns.

Ef leikmaður getur (eða vill) ekki notað spilin sem hann er með á hendi má hann setja þau með framhliðina upp í **kastbunkann** sinn.

Kastbunkinn er ávallt vinstra megin við stokkinn.

Síðan dregur leikmaður þegar í stað annað spil svo hann hafi þrjú spil á hendi.

Lok umferðar:

Þegar einhver er ekki með nein spil eftir í staflanum kallar hann: „Ligretto stopp!“ og umferðin endar. Stigin eru tekin saman.

Stigagjöfin:

1. Leikmenn telja spilin í stigabunkanum sínum. Leikmenn fá eitt stig fyrir hvert spil í bunkanum.
2. Næst telja leikmenn spilin í stokknum, kastbunkanum og spilin á hendi sinni. Hvert spil jafngildir einu mínusstigi.
3. Heildarstig hvers leikmanns fyrir umferðina, stigunum úr stigabunkanum að frádregnum mínusstigunum, eru skráð niður í blað.
4. Að lokum eru spilin flokkuð aftur í stokka eftir litum og ný umferð hefst.

Leikslök:

Þegar leikmaður nær 100 stigum (eða meira) í lok umferðar er spilinu lokið.

Leikmaðurinn með flest stig er sigurvegarinn. Ef tveir eða fleiri leikmenn eru jafnir með flest stig eru einfaldlega fleiri en einn sigurvegari.